

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

29. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2020, föstudaginn 9. október 2020 kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1. Mætt voru:

Samúel Kristjánsson oddviti, Örn Elías Guðmundsson, Karl Guðmundur Kjartansson, Elsa G. Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson.

Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Samúel Kristjánsson oddviti setti fundinn, að gætri fundarboðun.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Uppbygging við Langeyri.
3. Fjárhagsauki vegna fjárgirðingar, önnur umræða.
4. Byggðakvótaúthlutun 2019-2020.
5. Sala fasteigna – kauptilboð – Arnarflöt 9.
6. Leiga fasteigna Súðavíkurhrepps.
7. Sameining sveitarfélaga.
8. Súðavíkurhlíð.


### Afgreiðsla erinda:


1. Skýrsla sveitarstjóra.  
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
2. Uppbygging við Langeyri  
Sveitarstjóra falið að kanna hugsanlegt samstarf við Arctic Fish.
3. Fjárhagsauki vegna fjárgirðingar, önnur umræða.  
Samþykkt.
4. Byggðakvótaúthlutun 2019-2020.  
Sveitarstjóra falið að skoða málið með hagsmunaaðilum.
5. Sala fasteigna – kauptilboð – Arnarflöt 9.  
Samþykkt.
6. Leiga fasteigna Súðavíkurhrepps.  
Sveitarstjóra falið að skoða leigumál m.t.t. samræmingar fm verðs og staðsetningar, bæði atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði.
7. Sameining sveitarfélaga.  
Súðavíkurhreppur lýsir yfir furðu sinni á þeirri ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að leggja niður landsþing sambandsins árið 2020 á sama tíma og yfirvofandi er að sett verði með lögum íbúalágmark á sveitarfélög. Með því er stjórn sambandsins að brjóta á 4. gr. samþykta þess, enda er landsþing eini umræðuvettvangur um málið sem sveitarfélögum er fært til þess að koma að sjónarmiðum sínum.  
Sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við nágrannasveitarfélög vegna sameiningarmála.
8. Súðavíkurhlíð.  
Súðavíkurhreppur lýsir yfir áhyggjum af því að ekki hafi verið fundi lausn á samgöngumálum milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur. Súðavíkurhreppur áréttar þá skoðun að samgöngur milli bæjarfélaganna verði ekki leystur nema með gerð jarðgangna milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar. Súðavíkurhreppur óskar stuðnings nágrannasveitarfélaga í þeirri kröfu enda ekki síður þeirra hagsmunamál en Súðavíkurhrepps.


Erindi frá Sætt & Salt ehf. tekið fyrir á fundi sem barst með tp. – Elsa G. Borgarsdóttir og Ásgeir Hólm Agnarsson véku af fundi.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 11:24

  
Elsa G. Borgarsdóttir

  
Örn Elías Guðmundsson

  
Karl Guðmundur Kjartansson

  
Ásgeir Hólm Agnarsson

  
Samúel Kristjánsson oddviti